


Sólrún Bragadóttir

sópran

Jón Sigurðsson

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Þriðjudaginn 26. mars 2024 kl. 20:00

Að loknu námi héraendis lauk **Sólrún Bragadóttir** meistaragraðu í einsöng og kennslu frá tónlistarháskólanum í Bloomington í Indiana. Meðal kennara hennar þar var hin þekktu rúmenska söngkona Virginia Zeani.

Sólrún hefur starfað við helstu óperu- og leikhús í Þýskalandi, til dæmis í Kaiserlautern, Hannover, Düsseldorf, Mannheim, München, Karlsruhe, Kiel, Kassel, Heidelberg og einnig í Belfast, Avignon, Liège, Bern, Palm Beach, Tsuyama í Japan og víðar. Meðal hlutverka hennar má nefna *Mimi* í *La Bohème*, *Suor Angelica* í samnefndri óperu, *Desdemona* í *Otello*, *Gilda* í *Rigoletto*, *Elísabet* í *Don Carlo*, *Greifafrúna* í Brúðkaupi Fígarós, *Pamínu* í Töfraflautunni og *Fiordiligi* í *Così fan tutte*. Þá hefur hún einnig oft komið fram sem einsöngvari með hljómsveitum, sungið ljóðatónlist, óratoríur og Vínartónlist.

Haustið 2022 flutti Sólrún heim til Íslands eftir langa dvöl erlendis og kemur fram sem klassískur söngvari með fjölbreyttum efniviði, en starfar einnig sem raddþjálfari fyrir kóra og einsöngvara, þerapisti og reikimeistari.

Sólrún er reikimeistari og þerapisti í aðferð sem kallast *Joyful Evolution*. Kennsla hennar er í formi námskeiða og einnig einstaklingsmiðuð með áherslu á heildrænar þarfir nemanda. Kennslan er hugsuð fyrir alla, laglausu sem lagvissa. Þá hefur hún þróað ferli sem hún kallar *Söngheilun* og byggist á djúpri hugleiðslu og söngspuna, jafnvel án undirleiks þar sem engin er dagskráin heldur valið á staðnum og ýmist sungið án orða, í spuna eða heil lög af ýmsu tagi. Sólrún býður upp á sérstaka raddþjálfun, sem hún kallar *Sálarflæðissöng*, eða *-tón*, sem byggir ekki eingöngu á raddtækni og áralangri reynslu á sviði, heldur einnig á vinnu með heilun raddarinnar.

Jón Sigurðsson píanóleikari stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, Söngskóla Sigurðar Demetz og Arizona State University í Bandaríkjunum. Einnig hefur hann kynnt sér Funktionale *Methode*. Helstu kennarar hans hafa verið Helga Laxness, Halldór Haraldsson, Erika Haase, Gerrit Schuil og Caio Pagano. Hann hefur einnig tekið þátt í opnum kennslustundum hjá Ruth Slenczynska,

Efnisskrá

- | | |
|-------------------------------|--|
| Reynaldo Hahn
1874–1947 | <i>À Chloris</i> |
| Henri Duparc
1848–1933 | <i>Extase</i>
<i>Chanson triste</i> |
| Jean Sibelius
1865–1957 | <i>Sex sånger</i> till texter av Johan Runeberg
opus 90
<i>Norden</i>
<i>Hennes budskap</i>
<i>Morgonen</i>
<i>Fågelfångaren</i>
<i>Sommarnatten</i>
<i>Vem styrde hit din väg?</i> |
| Hugo Wolf
1860–1903 | <i>Auch kleine Dinge</i>
<i>Verschwiegene Liebe</i>
<i>Verborgenheit</i> |
| Richard Strauss
1864–1949 | <i>Das Rosenband</i>
<i>Befreit</i> |
| Ernest Chausson
1855–1899 | <i>Le temps des lilas</i> |
| Francis Poulenc
1899– 1963 | <i>Les Chemins de l'amour</i> |

Edith-Picht Axenfeld og Roger Woodward. Á undanförnum árum hefur Jón leikið víða, bæði á Íslandi og víðar í Evrópu, og einnig í Bandaríkjunum. Þá hefur hann flutt ýmiss konar tónlist, en þó hafa rómantísk og nútímaverk alltaf skipað stóran sess hjá honum.

Jón heldur einleikstónleika reglulega, hefur leikið píanókonserta eftir Beethoven og Mozart og komið fram með kammersveitum og fjölmörgum hljóðfæraleikurum og söngvurum. Jón hefur leikið inn á þrjá geisladiska sem gefnir voru út hjá Polarfonia Classics. Á þeim er að finna verk, meðal annars eftir Scriabin og Barber og sönötur eftir Strauss, Schumann og Mozart.